Hagstofa Íslands

Reykjavík, 19. mars 2018

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, dags. 8. mars 2018, til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2016/679 um persónuvernd, svonefnd persónuverndarreglugerð.

Hagstofa Íslands lýsir yfir ánægju sinni að frumvarpsdrögin hafi litið dagsins ljós enda er mikilvægt að eyða allri óvissu um innleiðingu persónuverndarreglugerðar nr. 2016/679. Eins og fram kemur í greinargerð stjórnvalda með frumvarpsdrögum hefur persónuverndarreglugerðin þá sérstöðu að hún veitir aðildarríkjum talsvert svigrúm til að setja sérreglur um tiltekin atriði, útfæra sum ákvæði hennar eða víkja frá þeim. Er mikilvægt á íslensk stjórnvöld skapi fyrirtækjum og stofnunum hér á landi sambærilegar aðstæður og best gerist í Evrópu við innleiðingu reglugerðarinnar og gangi ekki lengra en nauðsyn krefur.

Í frumvarpsdrögum er í 18. gr. nýtt það svigrúm sem gefið er í 89. gr. persónuverndarreglugerðarinnar til að undanþiggja vinnslur persónuupplýsinga sem fara fram í tölfræðilegum tilgangi frá ýmsum réttindum hins skráða. Þannig stendur í 18. gr. að:

> Ákvæði 15., 16., 18., 19., 20. og 21. gr. reglugerðarinnar um réttindi hins skráða gilda ekki þegar vinnsla persónuupplýsinga fer aðeins fram í þágu vísinda eða sagnfræði eða í tölfræðilegum tilgangi að svo miklu leyti sem telja má að þessi réttindi geri það ómögulegt eða hamli því verulega að unnt sé að ná viðkomandi markmiðum.

Hagstofan Íslands vill í þessu samhengi fara fram á að stjórnvöld tryggi afdráttarlaust ákvæði um undanþágur vegna hagskýrslugerðar. Lagt er til að fyrirliggjandi frumvarpsdrögum verði breytt þannig að við 18. gr. frumvarpsins bætist nýr liður sem hljóði svo:

> Ákvæði 15., 16., 18. og 21. gr. reglugerðarinnar um réttindi hins skráða gilda ekki þegar vinnsla persónuupplýsinga fer aðeins fram vegna opinberrar hagskýrslugerðar.

Greinar 15, 16, 18 og 21 fjalla um rétt einstaklinga til aðgangs að gögnum um sig (15. gr.), rétt til að leiðrétta upplýsingar um sig (16. gr.), rétt til að takmarka vinnslu á upplýsingum um sig (18. gr.) og rétt til að andmæla vinnslu upplýsinga um sig (21. gr.). Framangreindar kvaðir munu auka kostnað og vinnu við hagskýrslugerð og stefna gæðum opinberrar tölfræði í hættu, ef ekki verður við brugðist. Auk heldur er það í andstöðu við verklag við hagskýrslugerð sem felur í sér að nýta persónuupplýsingar til að draga ályktanir um samfélagið án þess að horfa til sérstaklega til stöðu eða réttar tilgreindra einstaklinga.

Samkvæmt lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007 er Hagstofunni ætlað að nýta stjórnsýslugögn til hagskýrslugerðar sé þess nokkur kostur. Til

þess hefur Hagstofan heimild til að tengja saman gagnaskrár með einstaklingsauðkenni. Hagstofan hefur jafnframt lagaheimildir til að sækja gögn til einstaklinga og lögaðila sé þess þörf að teknu tilliti til hófsemi og svarbyrði. Um nauðsyn þessara heimilda er frekar kveðið á í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 233/2009 og nr. 2015/759 um Evrópska hagskýrslugerð. Þessar heimildir eru grundvöllur þess að hægt sé að safna og frumvinna persónuupplýsingar til tölfræðigreiningar. Að frumvinnslu lokinni tekur við umbreyting frumgagna í tölfræðigögn sem felur í sér stöðlun, flokkun, tilreiknun og vigtun þannig að áreiðanlegar tölfræðilegar niðurstöður fáist við greiningu. Við lokaúrvinnslu er þess gætt að niðurstöður séu með öllu ópersónugreinanlegar. Hagstofan leggur ríka áherslu á vandaða meðferð persónugagna og hefur því til stuðnings innleitt vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt ISO27001.

Ofangreind ákvæði nýrrar reglugerðar um persónuvernd hefðu í för með að umbylta yrði vinnslu gagna til hagskýrslugerðar. Til að geta tekið saman upplýsingar um einstaka aðila þyrfti að yfirfara og tengja saman ýmis tölfræðigögn sem geymd eru í skrám og vöruhúsum gagna. Þar sem eðli vinnslunnar er fyrst og fremst að fá áreiðanlegar tölfræðilegar niðurstöður en ekki skrá rétta stöðu einstaklinga hverju sinni má ætla að upplýsingar einstakra aðila yrðu villandi einar og sér. Við þetta bætist óvissa um hversu vinnukrefjandi það væri að hafa upp á einstaklingum og eiga við upplýsingar þeirra í samræmi við þessar greinar. Fari ennfremur svo að einstaklingar geti breytt eða eytt upplýsingum til hagskýrslugerðar minnkar áreiðanleiki og þar með gæði opinberrar tölfræði. Þá er rétt að benda á að framangreindar undanþágur frá réttindum hins skráða vegna hagskýrslugerðar skerða ekki möguleika hins skráða til að gæta réttinda sinna gagnvart umsjónaraðilum þeirra skráa sem nýttar eru til hagskýrslugerðar þar sem uppruni þeirra gagna sem verið er að nýta er annars staðar.

Hagstofa Íslands hefur fylgst með hvernig staðið er að innleiðingu á nýrri reglugerð um persónuvernd í Evrópu. Sérstakur fundur hagstofustjóra ESB og EFTA ríkjanna hjá Eurostat komst að þeirri niðurstöðu að best væri að tryggja undanþágur við lagalega innleiðingu í hverju ríki, en áfram yrðu kannaðir kostir þess að afla almennrar undanþága í Evrópulöggjöf frá tilteknum ákvæðum reglugerðarinnar vegna hagskýrslugerðar. Talið er að slík almenn undanþága verði nokkur ár í vinnslu, miðað við ferli við lagasetningu Evrópusambandsins.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Eurostat, hefur sent aðilum í tölfræðisamstarfi Evrópu meðfylgandi bréf dagsett 12. janúar 2018[1]. Í bréfinu kemur fram það lagalega álit framkvæmdastjórnarinnar að undanþága í hverju ríki fyrir sig sé nægjanleg gagnvart hagskýrslugerð í Evrópu og myndi gilda um þær Evrópugerðir sem samþykktar hafa verið vegna tölfræðisamstarfsins. Á vegum Eurostat var haldinn vinnufundur hagstofustjóra aðildarríkjanna og EFTA um málið 8. febrúar sl. Fram kom á fundinum að í nær öllum aðildarríkjum tölfræðisamstarfs Evrópu séu í gangi lagaleg ferli til að afla undanþága vegna hagskýrslugerðar frá greinum 15, 16, 18 og 21 í persónuverndarreglugerðinni. Meðfylgjandi eru drög að niðurstöðum vinnufundarins[2].

Við gerð nýrrar persónuverndarreglugerðar í Evrópu var fyrst og fremst horft til alþjóðlegra fyrirtækja sem reka leitarvélar, samskiptamiðla eða stórar vefverslanir sem safna upplýsingum, með beinum eða óbeinum hætti, um viðskiptamenn sína. Það var ekki fyrr en á seinni stigum að sjónarmið hagskýrslugerðar voru færð í reglugerðina í góðu samstarfi við

[1] Note for the attention of the Presidents and Directors - General of the EU and EFTA National Statistical Institutes

[2] DGs informal workshop on the implementation of the GDPR in European statistics

Eurostat, fyrir hönd hagstofa aðildarríkjanna. Var almenn sátt um þá niðurstöðu á sínum tíma eins og hún var kynnt, en við innleiðingu hafa komið í ljós hnökrar sem gera það að verkum að talið er nauðsynlegt að afla afdráttarlausra undanþága frá greinum 15, 16, 18 og 21 í reglugerðinni eins og hér hefur verið nánar rökstutt.

Að lokum er rétt að benda á að ýmis ríki Evrópu hafa þegar lagt fram frumvörp með undanþágum vegna hagskýrslugerðar og vísindarannsókna. Má þar nefna Frakkland, Þýskaland, Írland, Holland, Danmörku og fleiri ríki. Þar er víða meiri skýrleiki og afdráttalausari útfærsla en í þeim frumvarpsdrögum sem hér eru til umsagnar þar sem undanþáguákvæði gagnvart rétti hins skráða eru tekin beint og óbreytt upp úr Evrópureglugerðinni.

Hagstofa Íslands fer því fram á að stjórnvöld gangi ekki lengra en stjórnvöld aðildarríkjaríkja ESB og tryggi afdráttarlaus ákvæði um undanþágur frá reglugerðinni vegna hagskýrslugerðar vegna þeirra greina sem samstaða er um í Evrópska hagskýrslusamstarfinu að valdi mestum erfiðleikum í framkvæmdinni.

Hagstofa Íslands leggur mikla áherslu á að við hagskýrslugerð sé farið í öllu að ákvæðum gildandi laga og reglna um persónuvernd og að unnið sé í góðu samstarfi við persónuverndaryfirvöld enda eru það sameiginlegir hagsmunir. Með skýrari ákvæðum um undanþágur er réttur hinnar skráðu að engu skertur miðað við tilgang reglugerðarinnar en hagsmunum samfélagsins um áreiðanlega opinberra hagskýrslugerðar betur borgið en með þeirri íþyngjandi stjórnsýslulegri óvissu sem núverandi útfærsla undanþáguákvæðis felur í sér.

Virðingarfyllst

Ólafur Hjálmarsson
hagstofustjóri

Fylgiskjöl:

Bréf framkvæmdastjórnarinnar frá 12. janúar 2008, Note for the attention of the Presidents and Directors - General of the EU and EFTA National Statistical Institutes.

Helstu niðurstöður vinnufundar Eurostat frá 8. febrúar 2018, drög, DGs informal workshop on the implementation of the GDPR in European statistics.

EUROPEAN COMMISSION
EUROSTAT

The Director-General (acting)

Ref. Ares(2018)213892 - 12/01/2018

Luxembourg,
ESTAT-DG/MK/A-5/HO/D(2018)

**NOTE FOR THE ATTENTION OF
THE PRESIDENTS AND DIRECTORS-GENERAL
OF THE EU AND EFTA NATIONAL STATISTICAL INSTITUTES**

Subject: **The General Data Protection Regulation – Article 89(2) on derogations for statistics**

Dear colleagues,

Let me begin by expressing my sincere best wishes for a happy 2018, with good health and success for you, your family, friends and colleagues! I look forward to continuing our good collaboration and to future progress on issues of common interest.

One such issue is the General Data Protection Regulation (GDPR) and its implications for European statistics. It has been a recurrent topic in our discussions lately, with notably the ESSC, the PG and the Task Force on the implementation of the amended Regulation (EC) No 223/2009 giving high attention to the matter. As you know, an informal workshop for Directors-General is in preparation for which a questionnaire was circulated to all NSIs with a deadline of 12 January.

In the context of statistical legislative files currently before the legislator, there is one specific issue that has been raised as a matter of concern, namely that of providing for derogations for some of the data subjects' rights as foreseen in Article 89(2) of the GDPR (right to access, to rectification, to restriction of processing and to object). The Council decided to consult the European Data Protection Supervisor (EDPS) on the formulation of such derogations. The EDPS presented his opinion on 20 November 2017.

The EDPS did not discuss the distinction between derogations provided for by Union law or by Member State law as referred to in the GDPR. This is however a question that has been raised by a number of Member States. The doubt is if a national provision could derogate from the GDPR when the personal data processing concerned would serve ultimately a Union purpose (production and dissemination of European statistics).

It is the view of the Commission that the adoption of provisions in national law would be sufficient. The reasoning behind that view can be summarised as follows: The basic requirement following from the GDPR is that the derogations must be laid down by law. This can be a Union or a Member State law, which are both explicitly referred to in the GDPR.

Whether a purpose for the derogation is a Union or national one, does not necessarily mean that the law should be adopted at the same level, as long as the overall legal framework complies with principles of quality of law. Among these principles are that the law should be accessible and foreseeable. In addition, it must be clearly explained why the derogations are necessary (point also emphasised by the EDPS in his opinion).

Considering the importance of advancing and finalising legislative files currently under discussion at the Parliament and the Council, I hope that the Commission's view as presented in this note can give you appropriate reassurance as to the feasibility of national solutions under Article 89(2) of the GDPR.

Let me finally reconfirm Eurostat's full commitment to continued discussions within the ESS on the implications of the GDPR and on general aspects of personal data processing in European statistics.

Yours sincerely,

(eSigned)
Mariana Kotzeva

Electronically signed on 12/01/2018 15:45 (UTC+01) in accordance with article 4.2 (Validity of electronic documents) of Commission Decision 2004/563

DGs informal workshop on the implications of the GDPR in European statistics

8 February 2018, Luxembourg

Conclusions

The Directors-General and Presidents of the National Statistical Institutes (NSIs) and of the European Union's statistical authority (Eurostat):

1. acknowledged the high relevance of the GDPR implementation for the production of high quality official statistics and for maintaining the confidence of the respondents providing personal data for statistical purposes;

2. recognised that in almost all Member States procedures have been initiated to enact derogations from the data subjects' rights referred to in some or all of the following Articles of the GDPR: 15 (access), 16 (rectification), 18 (restriction) and 21 (objection);

3. agreed that the same derogations should apply across all statistical domains and should not be domain-specific;

4. acknowledged that the NSIs and other statistical authorities (ONAs) are responsible for the protection of all personal data they process, both those collected in the framework of an EU regulation and those collected for purely national interests;

5. noted that appropriate derogations in national law, when granted, could in the most cases be sufficient to effectively address the potential ramifications of the GDPR and the specific needs of the statistical production in each Member State;

6. agreed that, in the interest of harmonising the protection of the data subjects' rights in the field of official statistics, additional uniform derogations at EU level, notably in Regulation 223/2009, could be useful and should be considered once enough experience in the application of the GDPR has been collected; in this respect discussion at expert level should be organised at a later stage;

7. agreed to share experience and best practice in addressing the implications of the GDPR for official statistics at the national level; to this end, a collaborative platform will be created by Eurostat to store and share examples of national provisions and justifications for derogations;

8. emphasised the need to establish constructive dialogue with data protection authorities at national and European level in order to clarify the specificities of statistical production, including a better understanding of statistical methodology and existing safeguards.